LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Fréttatilkynning

Efni: Samstarf Landssambands smábátaeigenda við framleiðendur og umsýsluaðila grásleppuhrogna um umsókn að vottun á grásleppu á grundvelli reglna MSC.

Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin World Wildlife Fund hafa ítrekað viðvörun sína um áframhaldandi veiðar á grásleppu í N-Atlantshafi. Þau hafa sett grásleppuna á válista í Þýskalandi og Svíþjóð og ráðleggja neytendum í þessum löndum að kaupa ekki afurðir úr grásleppu þar með talinn grásleppukavíar.

LS hefur á undanförnum árum fylgst með yfirlýsingum WWF varðandi grásleppuna og af því tilefni sent upplýsingar til samtakanna um veiðar á grásleppu og nýtingu. Þá hefur Hafrannsóknastofnun sent samtökunum yfirlýsingu sem styður viðbrögð Landssambands smábátaeigenda.
Aðgerðir alþjóðlegu samtakanna nú sýna að framangreint hefur ekki nægt til að breyta afstöðu þeirra til grásleppuveiða í N-Atlantshafi.

Staðan fyrir íslenska grásleppukarla er grafalvarleg. Upplýsingar frá söluaðilum grásleppukavíars í Svíþjóð og Þýskalandi, sem eru næst þjóða á eftir Frökkum í neyslu kavíars, benda til að byrjað verði að fjarlægja vörur tengdar grásleppu úr hillum einstakra verslana í byrjun mars næstkomandi.

LS telur að ákvörðun WWF, að setja grásleppuna á válista, sé ekki byggð á nægjanlegum rökum og samtökin hafi ekki kynnt sér málin nægjanlega vel. Ákvörðun sem hefur í för með sér að hundruðir fjölskyldna missa lífsviðurværi, sem þær hafa byggt á áratugum saman. Engir eiga jafnmikið undir því að grásleppan sé nýtt með sjálfbærum hætti og grásleppukarlar.

Vegna hinnar alvarlegu stöðu sem hér hefur verið lýst hefur Landssamband smábátaeigenda ákveðið að hefja samstarf við tvo framleiðendur kavíars úr íslenskum grásleppuhrognum og umsýsluaðila grásleppuhrogna á Íslandi um að sækja um vottun á grundvelli MSC reglna á grásleppustofninum.

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

Ákvörðun þessi er tekin að gefnum tveimur forsendum:

1. Á grundvelli yfirlýsinga WWF um að vottunarferli MSC muni leiða til þess að grásleppa verði fjarlægð af válista samtakanna.

2. Vegna ákvörðunar fjögurra fyrirtækja sem framleiða kavíar úr íslenskum grásleppuhrognum að hefja umsóknarferli að MSC vottun grásleppunnar sem taki einvörðungu til viðskipta þessara tilteknu aðila. Gangi það eftir gæti það leitt til mismununar meðal grásleppukarla.

Landssamband smábátaeigenda telur af þessum ástæðum óhjákvæmilegt að hefja ferli í átt til MSC vottunar á grásleppu.

Það skal skýrt tekið fram að hópurinn sem stendur að umsókninni með LS er opinn öllum söltunar- og umsýsluaðilum grásleppuhrogna og framleiðendum grásleppukavíars.

Gjört í Reykjavík

24. febrúar 2014

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is